



Réttindi sem einstaklingar njóta á grundvelli persónuverndarlaga

Í þessu skjali verða kynnt helstu réttindi sem einstaklingar njóta á grundvelli laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 (hér eftir nefnd persónuverndarlög) og reglugerðar (ESB) nr. 2016/679¹ (hér eftir nefnd persónuverndarreglugerð) við vinnslu Garðabæjar á persónuupplýsingum.

Almennt um vinnslu Garðabæjar á persónuupplýsingum

Garðabær hefur sett sér persónuverndarstefnu sem unnið er eftir og er hún vistuð [hér](#). Auk þess hafa allir starfsmenn Garðabæjar undirritað sérstaka trúnaðar- og þagnaryfirlýsingu þar sem þeir skuldbinda sig m.a. til að fara að ákvæðum laga um persónuvernd. Vinnsla Garðabæjar byggir nær eingöngu á lagaheimildum þar sem hún er talin nauðsynlegur þáttur í að veita íbúum þjónustu sem kveðið er á um í lögum.

Réttur skráðs einstaklings til aðgangs að gögnum

Einstaklingur á rétt á því að fá vitneskju um þá vinnslu sem á sér stað hjá Garðabæ er varðar hann sjálfan. Er sá réttur eingöngu takmarkaður að því leyti sem kveðið er á um í lögum. Einstaklingur á rétt til aðgangs að persónuupplýsingum um sig og upplýsingum um eftirfarandi atriði er varða vinnsluna:

- tilgang vinnslunnar, *m.a. veiting þjónustu*
- flokka persónuupplýsinga, *eins og t.d. nafn, kennitala og heimilisfang*
- heimild fyrir vinnslu persónuupplýsinga, *vanalega er um að ræða tilvísun í lagaheimild*
- viðtakendur eða flokka viðtakenda sem fengið hafa eða munu fá persónuupplýsingarnar í hendur,
- hversu lengi fyrirhugað sé að varðveita persónuupplýsingarnar,
- réttur til að leiðrétta, takmarka vinnslu og koma á framfæri andmælum
- réttinn til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd,
- Hvaðan upplýsingar eru fengnar ef þeirra er ekki aflað hjá hinum skráða, *t.d. úr Þjóðskrá.*

Upplýsingar eru að meginstefnu veittar án endurgjalds. Séu beiðnir frá einstaklingum augljóslega tilefnislausar eða óhóflegar, einkum vegna endurtekninga, er Garðabæ heimilt að setja annað hvort upp sanngjarnt gjald með tilliti til kostnaðar við upplýsingagjöfina eða neita að verða við beiðninni og á einstaklingur þá rétt á rökstuðningi. Aðili máls á rétt á því að fá gögn sem hafa að geyma upplýsingar um hann sjálfan með þeim takmörkunum sem kveðið er á um í lögum.

Réttur einstaklinga til leiðréttingar

Einstaklingur á rétt á að fá óáreiðanlegar persónuupplýsingar er varða hann sjálfan leiðréttar og láta fullgera ófullkomnar persónuupplýsingar, sbr. 20. gr. persónuverndarlaga.

¹ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga



Réttur einstaklinga til eyðingar („rétturinn til að gleymast“)

Réttur til eyðingar á gögnum, sbr. 20. gr. persónuverndarlaga, gildir ekki um gögn sem Garðabær varðveitir þar sem Garðabæ er skylt að afhenda Þjóðskjalasafni öll gögn eftir ákveðin tíma, sbr. 14. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

Ástæðan fyrir því að Garðabær safnar persónuupplýsingum er sú að söfnun upplýsinganna er talin nauðsynleg til að uppfylla lagaskyldu og til að geta veitt einstaklingum þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. : Garðabær leiðbeinir einstaklingum við útfyllingu umsókna um þjónustu sem Garðabær veitir, á þann hátt að einstaklingar sendi ekki inn óþarfar og/eða of ítarlegar persónuupplýsingar um sig eða aðra sem ekki er óskað eftir.

Réttur einstaklings til að krefjast takmörkunar á vinnslu persónuupplýsinga

Einstaklingar geta í ákveðnum tilvikum krafist þess að Garðabær takmarki vinnslu á persónuupplýsingum, sbr. 20. gr. persónuverndarlaga. Garðabær mun í þeim tilvikum ekki nota umræddar persónuupplýsingar á meðan skoðað er hvort vinnsla sé heimil og/eða réttur til takmörkunar til staðar. Ef niðurstaðan er sú að upplýsingaöflun hafi verið of víðtæk eða persónuupplýsingar rangar er meðferð breytt í samræmi við niðurstöðu máls.

Réttur einstaklings til að andmæla vinnslu

Almennt er einstaklingum heimilt að andmæla vinnslu persónuupplýsinga um sig vegna sérstakra aðstæðna sinna og þegar vinnslan er byggð á grundvelli e. eða f. liðar 1. mgr. 6. gr. persónuverndarreglugerðar, sbr. 21. gr. persónuverndarlaga. Þessi réttur gildir að mjög takmörkuðu leyti um sveitarfélög, þar sem einstaklingur getur ekki andmælt vinnslu sem byggir á lagaskyldu. Hafi einstaklingur veitt samþykki fyrir vinnslu t.d. vegna myndatöku er honum heimilt að draga samþykki sitt til baka.

Rétturinn til að flytja eigin gögn

Almennt fer um flutning gagna samkvæmt lögum, sé um stjórnvöld að ræða. Réttur einstaklings til að flytja eigin gögn frá einum ábyrgðaraðila til annars er mjög takmarkaður hvað varðar opinbera aðila. Upplýsingar sem sveitarfélög safna falla almennt ekki undir hreyfanleika skjala samkvæmt 20. gr. persónuverndarlaga, en þar er kveðið á um að einstaklingur eigi rétt á því að fá persónuupplýsingar er varða hann sjálfan, ef unnið var með persónuupplýsingar með samþykki viðkomandi, vegna samnings eða með sjálfvirkum hætti. Vinnsla persónuupplýsinga hjá Garðabæjar byggist í langflestum tilvikum á lagaskyldu og því á rétturinn til að flytja eigin gögn almennt ekki við hvað varðar vinnslu persónuupplýsinga.

Sjálfvirk ákvarðanatoka

Hjá Garðabæ eru ekki teknar sjálfvirkar ákvarðanir, sbr. 22. gr. persónuverndarlaga. Lagt er mat á hvert einstaklingsmál áður en ákvörðun er tekin.



Persónuverndarfulltrúi

Við vinnslu persónuupplýsinga einstaklinga á vegum Garðabæjar telst bærinn vera ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga. Hafa skal samband við persónuverndarfulltrúa Garðabæjar vegna kvartana, athugasemda eða beiðna. Persónuverndarfulltrúi Garðabæjar er Telma Halldórsdóttir, sími: 525-8570 og netfang: personuvernd@gardabaer.is

Réttur til að leggja fram kvörtun

Einstaklingur á rétt á að leggja inn kvörtun hjá Persónuvernd vegna vinnslu af hálfu Garðabæjar telji hann vinnsluna andstæða ákvæðum persónuverndarlaga. Upplýsingar um Persónuvernd má finna [hér](#). Sendi einstaklingur inn kvörtun skal Persónuvernd upplýsa kvartanda um framvindu og niðurstöðu kvörtunar.